

## Bókun um fagnám í verslun

Fagnám í verslun er verkefni sem gefur starfsmönnum kost á að sækja allt að 90 feininga nám og fá hæfni sýna metna til launa. Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins verður nýtt til að starfsmenn sem búa yfir tilgreindri hæfni, fái hana metna til styttingar á náminu.

Námið fer fram í Verslunarskóla Íslands og verður blanda af fjarnámi, staðbundnum lotum og vinnustaðanámi. Námið gefur 90 feiningar sem skiptast í 60 feiningar í boklegum starfstengdum áföngum og 30 feiningar í vinnustaðanámi undir leiðsögn starfspjálfa á vinnustað.

Námið byggir á hæfnigreiningum starfsins Verslunarfulltrúi sem hefur verið sett á 2 þrep í ISQF og Millistjörnanda í verslun sem hefur verið sett á 3 þrep í ISQF.

Umsókn starfsmanns í námið er háð samþykki fyrirtækis og fer vinnustaðanámshlutti námsins fram í samvinnu við fyrirtækið með aðkomu starfspjálfa. Stefnt er að því að hefja námið í janúar 2020, en einstaklingum verði boðið í raunfærnimat í október/nóvember 2019.

Samningsaðilar eru sammála um að meta skuli hæfni starfsmanna á grundvelli námsins til launa. Hvor samningsaðili getur óskað eftir að fulltrúar samningsaðila fari yfir hvernig hæfnin skuli metin til launa.

